

Alþingi
Erindi nr. P 132/1892
komudagur 27.4.2006

Ari Edvald,
Samtökum Atvinnulífsins
Borgartúni

30. maí 2005

Efni: Minnisblað um samlagsfélög til fjárfestinga.

Í framhaldi af samræðum okkar, hefi ég tekið saman í stuttu máli niðurstöður þeirrar vinnu sem Brú Venture Capital hf (BVC), hefur unnið um laga- og skattaumhverfi fyrir fjárfestingarsamlög, og sér í lagi hvaða breytingar á lögum við teljum að þurfi til að hagkvæmt sé að stofna slík félög á Íslandi. Eins og þér mun kunnugt vinnur BVC nú að stofnun nýs sjóðs, Brú II, til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og öðrum hraðvaxtartækifærum.

Í stuttu máli er niðurstaða okkar að í íslenskan félagarétt vanti lög og reglur um fjárfestingasamlög sem henti slíkum félögum. Samlagshlutafélög eru nefnd í hlutafjárlögum en að öðru leiti ekki skilgreind. Í fyrsta lagi vantar skýr ákvæði í lögum um samlagshlutafélög. Í öðru lagi vantar í lög meira frelsi en hlutafjárlög leifa til að geta ákvarðað samþykktir félagsins. Í þriðja lagi vantar skýr ákvæði er geri kleift að slík félög geti verið stofnuð án þess að verða sjálfstæðir skattaðilar

Það er tillaga okkar að byggja lög um samlagshlutafélög (slhf) á hlutafjárlögunum, með eftirfarandi breytingum. Fyrsta, að formsatriðum undanskyldum – s.s. nafni, lögheimili, og þess háttar – megi hluthafar semja sín á milli um sem flesta þætti og tilgreina í samþykktum slíkra félaga. Annað, að samlagshlutafélag þurfi ekki að vera sjálfstæður skattaðili, heldur geti líkt og sameignarfélag greitt hagnað félagsins beint til eigenda þess, sem þá greiða af þeim skatt líkt og hagnaðurinn hefði skapast beint hjá eigendum.

Meðfylgjandi er ýtarlegri rökstuðningur við þessar tillögur.

Virðingarfyllst

Dr. Gísli Hjálmtýsson,
CEO Brú Venture Capital
Prófessor, Háskólanum í Reykjavík

Rökstuðningur um nauðsynlegar breytingar á félagarétti fyrir fjárfestingarsamlög á Íslandi:

Niðurstaða okkar byggir á reynslu af stofnun og starfssemi samlagsfélaga hér á landi og erlendis (sér í lagi USA), og umtalsverðri rannsóknarvinnu, sér í lagi:

1. Úttekt á samlögum og samlagaformum í nokkrum löndum, sér í lagi USA, Bretlandi, Luxemburg og Jersey.
2. Áliti lögfræðinga og endurskoðenda um lög um samlög á Íslandi og skattalega meðferð íslenskra samlaga, og sér í lagi skattlagningu hagnaðar af fjárfestingum sem kann að verða til innan slíks samlags.
3. Skriflegu bindandi áliti frá fjármálaráðuneytinu um skattalega meðferð erlendra fjárfestingasamlaga, byggða á OECD samning sem Ísland er aðili að.
4. Lagasafni Íslands, sjá viðauka.

Í stuttu máli er niðurstaða okkar að í íslenskan félagarétt vanti lög og reglur sem henti fjárfestingarsamlögum. Sér í lagi vantar í lög meira frelsi til að geta ákvarðað samþykktir félagsins, og skýr ákvæði er geri kleift að slík félög geti verið stofnuð án þess að verða sjálfstæðir skattaðilar.

Fjárfestingarsamlög tíðkast í öllum okkar viðmiðunarlöndum, sem sérhæfð féлагаform fyrir óhefðbundin fjárfestingarfélag, s.s. áhættusjóði (hedge funds), nýsköpunarsjóði (venture funds), og gjarnan sérhæfða eignastýringarsjóði (private equity funds). Fjárfestar í slíkum sjóðum eru að jafnaði fagfjárfestar og auðmenn (í USA kallaðir “accredited investors”). Sjóðirnir hafa því mikið frelsi í lögum hvað varðar stjórnun, ráðstöfun hagnaðar og fleira. Til viðmiðunar, ná nefna LLP í Bandaríkjunum, LP í Bretlandi, og í Luxemburg. Þó smáatriði tæknilegrar útfærslu sé mismunandi, hafa þessi félög þróast í það form að einkennast af fjórum lykilatriðum:

- a) Einn félginn er *virkur félagi* (e. General Partner), tekur ákvarðanir fyrir félagið, ritar firma þess og er í raun stjórn og framkvæmdastjóri félagsins. Virki félaginn fer með umsjón samlagins, ákvarðar um fjárfestingar og á annan hátt skuldbindur félagið og ráðstarfar eignum þess (í samræmi við samlagssamning). Ráðandi félaginn ber að jafnaði ótakmarkaða ábyrgð líkt og félagi í sameignarfélagi.
- b) Aðrir félagar (fjárfestar) eru *óvirkir félagar* (e. limited partners), og taka einungis þátt í félaginu á óbeinann hátt sem óvirkir fjárfestar. Þessir félagar hafa takmarkaða ábyrgð, líkt og þegar fjárfestar í hlutafélagi.
- c) Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili, en er þess í stað gagnsætt skattalega líkt og gildir um sameignarfélag. Hagnaður félagsins kemur þannig beint inná skattalegt uppgjör fjárfestanna, líkt og þeir hefðu fjárfest beint sjálfir og ekki í gegnum félagið.
- d) Að öðru leiti ríkir gríðarlegt frelsi um samþykktir félagsins, þar með talið um ráðstöfun hagnaðar, réttindi einstakra félaga, hvering ákvarðanir eru teknar á félagsfundum og fleira.

Í þessum texta verður orðið samlagshlutafélag eða fjárfestingarsamlag notað um slíkt féлагаform þó svo að breyta þurfi íslenskum lögum til að slík félög verði til á Íslandi.

Ákvæði um samlagshlutafélög eru ófullnægjandi:

Samkvæmt hlutafélagalögum (1995/2 gr.159) skulu lögin gilda um samlagshlutafélög "eftir því sem við á." Að öðru leiti er félagasamband ekki skilgreint. Þetta ákvæði er augljóslega ekki nothæft, enda engan veginn ljóst hvernig túlka eigi þessi orð. Til að samlagshlutafélagasamband verði nothæft er ljóst að um þau verða að gilda skýr lagaákvæði.

- 7 Hlutfjárölög (1992/2 gr.159) gera ráð fyrir að að sumir félagar beri takmarkaða ábyrgð á meðan aðrir beri ótakmarkaða ábyrgð (*sbr. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð*). Hins vegar kveða skattalög á um að samlagshlutafélög skuli "greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum." Þetta ákvæði skattalaga kemur í veg fyrir að samlagshlutafélög henti samlagssjóðum. Rétt er að benda á að samlagsfélag, þar sem allir félagar bera ótakmarkaða ábyrgð getur tilgreint í skráningu hvort félagið skuli vera sjálfstæður skattaðili eða ekki. Ótakmörkuð ábyrgð hentar hins vegar ekki fyrir fjárfesta í fjárfestingarsamlögum og sér í lagi ekki lífeyrissjóðum. Ekki er ljóst hvers vegna skattalög jafna saman ábyrgð og skattskyldu.

Almennt eru of hlutfjárölögin takmarkandi fyrir fjárfestingarsamlög. Þar má telja ákvæði um innlausnarskyldu, réttindi minnihluta eigenda, ákvæði um stjórn, hluthafafundi, hlutfallskosningu og fleira sem á ekki við, eða jafnvel gengur þvert á þarfir fjárfestingarsamlaga. Byggja mætti á hlutfjárögunum fyrir ný lög um samlagshlutafélög, t.d. með ákvæði um að í samlagshlutafélögum mættu samþykktir ráða öllum ákvæðum öðrum en formsatriðum.

Ef byggt er á hlutfjáröllum, og gert ráð fyrir að skrá megi slík félög þannig að þau séu ekki sjálfstæðir skattaðilar, leiðir yfirferð í ljós að bróðurpartur laganna á ekki við, og krefst ýmist i) einhverra breytinga, ii) mikilla breytingar/endurgerðar, eða iii) niðurfellingar. Yfirlit yfir þessa flokkur er eftirfarandi:

Kaflar/Greinar sem þurfa skoðun og/eða einhverja breytingu: 9. gr., 14. gr. (vegna ákvæða um stjórn), 18. gr., 27. gr., 30. gr. (vegna ákvæða um stjórn)

Kaflar/greinar sem þurfa miklar breytingar:

Kafla IX, um félagastjórn. Virki félaginn er stjórn félagsins og ritar firmað. Sér í lagi er mikilvægt að virki félaginn geti verið lögaðili, t.d. annað félag.

Kafla X, um hluthafafundi. Samþykktir verða að geta ákveðið að framselja stærstan hlutann af valdi hluthafafunda til virka félagsins. Eina ástæðan til að halda hluthafafundi er ef verið er að brjóta samlagssamninginn. Sama gildir um fjölda hluta sem þarf til að knýja fram breytingar og fleira. Þau hlutföll verða að vera ákveðin í samþykktum. Sér í lagi er dæmigert að þurfi samþykki 96% óvirku félugganna til breytinga, og oftast samþykki virka félagsins.

Kafla XII, um aðgreiðslur. Þetta þarf að meiga ákveða í samþykktum. Dæmigert er að allur hagnaður er greiddur út um leið og hann verður til (ekki bara árlega).

Kafli XIII, um slit. Þarf að meiga ákveða í samþykktum (auðvitað að undanskyldum gjaldþroti og viðlíka), enda algengast að geirnegla slit félagsins við stofnun.

Kaflar/greinar sem fella þarf niður (eða ógilda fyrir samlagshlutafélög): gr. 21-26. ákvæði sem banna takmörkun á framsali og veðsetningu hluta. Að jafnaði eru hlutir í fjárfestingarsamlögum óframseljanlegir og ekki heimilt að veðsetja þá, og verður að vera heimild í lögum að setja slík ákvæði í samþykktir.

Að öðru leiti þarf að meiga breyta ákvörðunarferli og hlutföll í samþykktum og framselja vald hluthafafunda í venjulegum hlutafélögum til virka félagsins.

Viðauki

Orðið “samlagsfélag” kemur fyrir í fernum lögum:

1903 nr. 42 13. nóvember Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð

1994 nr. 144 29. desember Lög um ársreikninga

1997 nr. 75 28. maí Lög um samningsveð

2003 nr. 90 7. maí Lög um tekjuskatt og eignarskatt

Engin þessarra laga skýrir í raun út hvað samlagsfélag er. Þó má skilja að þau geti verið með ótakmarkaðri ábyrgð annars vegar og hins vegar samlagshlutafélög með takmarkaða ábyrgð.

Í lögum 2003/90 um tekju og eignarskatt 2. gr, segir:

2. gr. Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum lögaðilum:

1. Hlutafélögum, samlagshlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.

Þetta ákvæði þýðir að samlagshlutafélög eru ekki nýtanleg fyrir fjárfestingarsamlög.

Almennt setja þessi lög jafnaðarmerki á milli takmörkun ábyrgðar og skattaskyldu, á meðan að félög með ótakmörkuð ábyrgð bjóða val um sjálfstæða skattskyldu. Erfitt er að skilja af hverju þessi tengls eru.

Orðið “samlagshlutafélag” kemur einungis fyrir í tvennum lögum:

1903 nr. 42 13. nóvember Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð

1995 nr. 2 30. janúar Lög um hlutafélög

Um lög 1903/42, er fjallað að ofan.

Í lögum 1995/2 um hlutafélög kemur orðið fyrir í grein 159 sem segir:

[159. gr. Lög þessi taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð.]

Ekki er ljóst hvað þetta þýðir, og sér í lagi orðin “eftir því sem við á.” Til að lögin séu nothæf fyrir samlagssjóði þarf skýrari ákvæði.